

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 445/1997,
um tollafgreiðslu hraðsendinga, með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „1.500 kr.“ í 2. tölul. 6. gr. kemur: 2.000 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „1.500 kr.“ í 3. tölul. 6. gr. kemur: 2.000 kr.

2. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „570 kr.“ í 3. tölul. 7. gr. reglugerðarinnar kemur: 750 kr.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 148. gr. tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum, tekur gildi 1. febrúar 2004.

Fjármálaráðuneytinu, 19. desember 2003.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Jóna Björk Guðnadóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Rangárþings eystra.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Skipan sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra er skipuð sjö sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Valdsvið sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn fer með stjórn Rangárþings eystra samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.